

Borgarráð 18.7.'19: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun húsfélaga í fjölbýlishúsum í eigu félagsbústaða - R 19070157

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að stofnuð séu húsfélög í þeim fjölbýlishúsum þar sem Félagbústaðir eiga allar íbúðirnar (Félagbústaðir eini eigandinn). Ávallt þarf að tryggja að rödd leigjenda heyrist og húsfélag er formleg leið til þess og í stjórn sitji leigjendur. Eins og flestum er kunnugt hafa leigjendur í tugatali upplýst um að kvartanir þeirra, um langvarandi viðhaldsleysi og heilsuspillandi myglu í húsnæði þeirra, til stjórnenda Félagbústaða hafi hreinlega verið hunsaðar eða í það minnsta ekki teknar nægjanlega alvarlega til að gert hafi verið við með fullnægjandi hætti.